

Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum

Stofnunarúttekt
Háskólinn á Akureyri
- Samantekt -

Maí 2022



Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Háskólanum á Akureyri sem var gefin út á ensku þann 20. maí 2022¹. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2nd Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu Gæðaráðs íslenskra háskóla (www.qef.is).

Dr. Andrée Sursock
Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

¹ Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á https://qef.is/assets/QEF2_UNAK_IWR_Report_for_Publication.pdf

Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Kimberly Bogle Jubinville, formaður úttektarhópsins. Aðstoðarrektr gæða náms, viðurkenninga og stoðþjónustu, *Southern New Hampshire University*.

Alan Davidson. Alþjóðlegur ráðgjafi í gæðamálum háskóla. Fyrirverandi sviðsstjóri þjónustudeildar fyrir eflingu gæða í námi, kennslu og námsmati, *Robert Gordon University*.

Sandra Kristín Jónasdóttir. Stúdent við *Háskóla Íslands*.

Taina Pihlajaniemi. Aðstoðarektr rannsókna, *University of Oulu*.

Oliver Vettori. Aðstoðarrektr viðurkenninga og gæðamála, *Vienna University of Economics and Business*.

1. Um úttektina

Stofnanaúttektir eru einn af meginþáttum rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education; QEF). Úttektarferlinu og markmiðum þess er lýst í heild sinni í annarri útgáfu handbókar gæðaráðs um þessa rammaáætlun, sem kom út árið 2017². Allir háskólar á Íslandi eru teknir út í stofnanaúttektum í annarri lotu QEF, sem hófst 2019. Þessi samantekt er byggð á skýrslu um stofnunarúttekt Háskólans á Akureyri (HA).

Í aðdraganda heimsóknar úttektarhópsins skrifaði HA sjálfsmatsskýrslu, ásamt viðaukum, sem var send til gæðaráðs þann 9. júní 2022. Úttektarhópurinn fór með kerfisbundnum hætti í gegnum þau gögn fyrir fundi hópsins með fulltrúum HA með hliðsjón af evrópskum viðmiðum um gæði í háskólastarfi frá 2015 (*Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area; ESG*). Formaður úttektarhópsins og framkvæmdastjóri gæðaráðs unnu dagskrá funda í samráði við starfsfólk HA. Heimsókn úttektarhópsins fór fram í fjarfundum 21.-26. nóvember, 2021 og voru haldnir fjölmargir fundir með starfsfólki, nemendum, hagsmunaaðilum og meðlimum stjórnar HA.

Úttektarhópurinn þakkar HA, þar á meðal rektor, stjórn, gæðateymi, starfsfólk og nemendum fyrir góðar viðtökur og þátttöku í fjarfundum.

² www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf

2. Samantekt niðurstaðna

2.1. Almenn samantekt, þ.m.t. samantekt á umgjörð rannsókna

Allir sem hittu hópinn voru uppbyggilegir í samskiptum, einstaklega hjálplegir og tilbúnir að taka þátt í umræðunni. Fundir þessir gerðu hópnum kleift að öðlast góða sýn á starfsemi háskólans og skilning á stofnanamenningu hans. Sjálfsmatsskýrslan gaf mynd af háskóla sem er að bregðast á viðeigandi hátt við áskorunum og tækifærum í íslensku háskólaumhverfi. Einnig var ljóst við lestur hennar að HA hafði unnið að framförum í kjölfar síðustu úttektar og í kjölfar undanfarins sjálfsmats faglegra eininga, auk annarra skýrslna. Úttektarhópurinn nýtti þær skýrslur, auk upplýsinga sem var safnað á fjarfundum við starfsfólk, nemendur og hagaðila, til að undirbyggja niðurstöður skýrslu sinnar.

Að mati úttektarhópsins er HA búinn að finna sína fjöl í íslensku háskólaumhverfi og er með sterka sjálfsmynd. Meðlimir háskólasamfélagsins alls eru sammála um að HA sé opinber háskóli sem styðji við nemendur sína í gegnum sveigjanlegt nám. Þau gögn sem úttektarhópurinn hafði aðgang að, auk þeirra viðtala sem hópurinn tók, eru til vitnis um háskóla sem vinnur markvisst með sína styrkleika, er meðvitaður um tækifæri til úrbóta, er stöðugt að styðja við stúdenta og er að ná markmiðum sem eru sett fram í stefnu skólans.

Hvað snertir umgjörð rannsókna vill úttektarhópurinn benda á að:

- Rannsóknarstefna skólans felur í sér nokkur markmið sem þegar hafa náðst, og þá einkum að tryggja viðurkenningu fyrir doktorsnám og koma á fót miðstöð fyrir doktorsnám og stuðning við rannsóknir. Háskólinn hefur einnig gert breytingar til að auka hlutfall vinnuframlags starfsmanna sem snýr að rannsóknum. Áframhaldandi stefnumótun um umsýslu og stjórnun rannsókna verður skólanum mikilvæg, og verður að vera í takt við aðra stefnumótun skólans.
- Samkvæmt matskerfi opinberra háskóla hefur rannsóknarstarfsemi háskólans aukist um 20% á árunum 2017-2018 og 17% á milli áruna 2018-2019. Það er meiri aukning en gert var ráð fyrir í núverandi stefnu skólans. Síðan 2017 hefur HA fengið aukið fé til rannsókna frá ytri aðilum.

- Hvatt er til áframhaldandi sóknar í styrki til rannsókna og fjármögnunar starfs doktorsnema.
- Huga þarf að þróun doktorsnáms og frekara námi á því stigi. Þróa þarf skýra sýn á nám á doktorsstigi og setja fram markmið um árangur.
- Háskólinn hefur ýmsa styrkleika í ljósi staðsetningar sinnar. Þar má nefna t.d. tengsl við atvinnuvegi, samnýtingu á rannsóknarstofum og hýsingu fyrirtækja á háskólasvæðinu. Þessar tengingar veita tækifæri þátttöku atvinnulífs í kennslu og rannsóknarverkefnum, sem styður við rannsóknarmiðaðar námsbrautir Háskólans á framhaldsstigi.

2.2. Samantekt á styrkleikum

- Háskólinn og skólasamfélagið allt hefur sterka sjálfsmynd og þekkir vel sitt hlutverk, sína markhópa og sína samfélagslegu sérstöðu. Í háskólasamfélaginu er samhljómur um að skólinn eigi að þjóna nemendum og samfélagi utan höfuðborgarinnar, en eigi á sama tíma að vera meðlimur í alþjóðlegu háskólasamfélagi.
- Háskólinn býr yfir samskipta- og samvinnumenningu sem stuðlar að gagnsæi og samræmingu á vinnuframlagi hinna ýmsu hópa innan skólans.
- Skólasamfélagið er stolt af skólanum sínum og árangri hans, og þar ríkir sterkur stuðningur við stefnumótandi umbótamiðað gæðastarf, þvert á starfseiningar.
- Háskólinn er með markvissa stefnu um áherslu á sveigjanlegt nám sem hvetur nemendur til virkari þátttöku í námi sínu, og er námsformið í stöðugri þróun á öllum námsbrautum með áherslu á nýsköpun og nýtingu tækni í kennslu.
- Rödd stúdenta er sterk innan skólans og virk samvinna við nemendur og hagsmunasamtök þeirra. Nemendur gegna einnig mikilvægu hlutverki í öllu gæðastarfi skólans, og er sá hluti starfsins í stöðugri þróun. Er Stúdentafélagi HA sérstaklega hrósað fyrir vinnu sína í þeim málaflokki.
- Nemendur voru mjög ánægðir með gæði náms og námsumgjörð. Þátttaka stúdenta í námsmati og vinna með gögn sem koma úr því mati eru eftirtektarverð.

- HA hefur vandað til uppbyggingar doktorsnáms, m.a. með því að gera kröfur um fjármögnun náms áður en doktorsnemi fær inngöngu.
- Háskólinn á í góðu samstarfi við fjölda hagsmunaaðila, m.a. um starfsnám, rannsóknir og samfélagsverkefni. Þessir hagsmunaaðilar hafa mjög jákvæða sýn á samskipti sín við háskólann og nemendur hans, benda á þau jákvæðu áhrif sem háskólinn hefur á samfélagið og hafa áhuga á auknu samstarfi.
- Alþjóðavæðing er lykilþáttur í öllu starfi HA, sem lýsir sér m.a. í fjölda erlendra starfsmanna og nemenda, auk samstarfs við alþjóðlegar stofnanir og samtök.
- Skólinn hefur fjárfest markvisst í stoðþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, meðal annars með því að ráð fleira starfsfólk á stoðsvið. Sú fjárfesting hefur stuðlað að frekar gæðum náms og stutt við starf Kennslumiðstöðvar og bókasafns skólans. Jafnframt ber að fagna því að HA hefur aukið stoðþjónustu við rannsóknir og sókn í styrki, og að skólinn stefnir einnig að fjölgun starfskrafta sem sinna alþjóðamálum.

2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Huga þarf vel að samlegð skipulags, stefnu og markmiða í næstu skrefum stefnumörkunar.
- Bæta þarf gagnsæi skipulags og skýra verklag við umsýslu námsgráða, nemendum og starfsfólki til góða, með frekari samvinnu og skilvirkni að leiðarljósi.
- Skýra þarf og samhæfa sveigjanlegt form náms svo það hvetji enn fremur til nemendamiðaðs náms og kennslu og leiði til samsvarandi upplifunar allra nemenda og hagaðila.
- Hvatt er til frekari vinnu til að ná sem bestu jafnvægi í fjar- og staðkennslu i námsleiðum, og að upplýsingum þar að lútandi sé komið skýrt og tímanlega til nemenda.
- Þörf er á að skapa virkt samfélag á háskólasvæðinu sjálfu með þátttöku fjarnema á sama grundvelli og staðnema.
- Hvatt er til áframhaldandi þróunar á nýtingu gagna í gæða- og umbótastarfi, til að mynda aukinnar notkunar upplýsandi mælaborða.

- Þróa þarf og gera kunna skýrari sýn á vinnulag í kringum kennslu, nám og námsmat, stúdentum og kennurum til hagsbóta
- Háskólinn hefur réttilega stigið varlega sín fyrstu skref í veitingu doktorsnáms, en er hvattur til að skoða frekari tækifæri til slíks náms þegar og ef fjármögnun verður fyrir hendi.
- Þjálfun leiðbeinenda í doktorsnámi er þegar hafin og þarf, að mati úttektahópsins, að fara fram þvert á námsleiðir. Slíkt framtak myndi styðja við fyrirhugað doktorsnám á öðrum sviðum.
- Hvatt er til aukinna tækifæra til alþjóðavæðingar í kennslu og rannsóknum með þátttöku nemenda og starfsfólks. Til dæmis væri hægt að styðja akademískt starfsfólk við að byggja upp alþjóðleg tengslanet í þeim tilgangi að sækja um rannsóknarfé erlendis frá.
- Hvatt er til þróunar skýrari reglna um undirbúning og fjármögnun nýrra námsbrauta og námskrárbreytinga í ljósi gæðaviðmiða og raunhæfs vinnuframlags. Þessar reglur þyrftu að innihalda skýr viðmið um kennsluframlag stundakennara við einstakar námsleiðir.
- Þróa þarf skýrara skipulag og leiðbeiningar fyrir framkvæmd sveigjanlegs náms fyrir háskólann í heild sinni. Sú vinna mun gefa tækifæri til að skrá vinnuálag starfsmanna á samræmdan og kerfisbundin hátt sem mun hjálpa við að tryggja viðeigandi framlag fastráðinna kennara og stundakennara.

2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektahópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans á Akureyri til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.

2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

Úttektahópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans á Akureyri til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar.